



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 21. apríl 2004

**Málefni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu. 749. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 29. fm., þar sem beðið er um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002.

Frumvarp þetta mun vera flutt m.a. til að nýta aðlögunarheimildir sammings um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, sem tekur gildi 1. maí 2004. Enn fremur vegna ábendinga sem borist hafa frá helstu aðilum sem koma að framkvæmd laganna. Í frumvarpinu eru ákvæði sem varða m.a. þýðingarmikil grundvallarréttindi útlendinga er koma til Íslands til dvalar. Er m.a. ætlunin að vernda þá, sem kann að vera hættara við þrýstingi eða misneytingu um að að falbjóða sig til hjúskapar. Enn fremur að tryggja betur en nú er, að ekki sé stofnað til svonefndra nauðungarhjórnabanda til að fara á svig við lögin. Í frumvarpinu eru settar ýmsar takmarkanir frá meginreglum íslensks réttar svo sem um aldursskilyrði vegna hjúskapar og yfirvöldum einnig veittar ýmsar heimildir gagnvart þeim sem lögin taka til, sem virðast víðtækari en almennt tíðkast á Íslandi. Biskupsstofa telur sig ekki í stakk búna til að meta hvort ákvæði af þessu tagi gangi of langt gagnvart þeim sem lögin taka til og vissulega er skilningur á því að nauðsynlegt kunni að vera að bregðast við þeim vanda sem greinir í athugasemdum með frumvarpinu. Vegna þeirra brýnu einstaklingshagsmuna sem í húfi kunna að vera, er ljóst að ganga þarf eins tryggilega úr skugga um að frumvarpið skerði ekki mannréttindi einstaklinga og nokkur kostur er. Því er treyst að allsherjarnefnd kanni það rækilega og breyti frumvarpinu ef þörf krefur.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs



Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.  
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs